


eiginleika að geta unnið traust þeirra sem hún hittir og ræðir við. Að loknum löngum dögum og erfiðum, og búin að smella af mörgum myndum, þá var Mary Ellen yfirleitt ákaflega þreytt en um leið ánægð, þar sem hún vissi að hún hafði gert vel og fólkinu hafði þótt gott að spjalla við hana. Einn vina hennar, franskviðmálfari Louis Malle, segir að það sé í og með þessi eðlislæga samkennd með fólki sem gerir Mary Ellen að einstökum ljósmyndara. „Hún kemur aldrei illa fram við neinn“, segir hann. „Hún finnur til með fólki, deilir þjáningum með því, vandræðum og gleði. Meira að segja þegar hún tók portrett af nokkrum nasistum þá reyndi hún ekki á nokkurn hátt að gera þá fáránlega eða fella yfir þeim dóma. Þá dáist ég að endalausri orkunni sem Mary Ellen býr yfir. Hún er aldrei alveg ánægð, og vitandi að hún getur gert betur, þá heldur hún áfram í sinni endalausni leit að hinu algilda að baki hinu sérstæða.“

Mary Ellen Mark segist hafa áhuga á fólki á jöðrum samfélagsins. „Ég finn til ákveðins skyldleika með þeim sem hafa ekki fengið bestu tækifærin“, segir hún. „Ég stend alltaf með þeim, og kannski finnst mér það fólk eðlilegra. Þar sem ég vil gera frekar en nokkuð annað, er að staðfesta tilveru þessa fólks, að sýna að það á sér líf.“ Þessi áhugi hefur verið drifkrafturinn í starfi hennar öll þessi ár. Myndagreinar Mary Ellen hafa birst í kunnustu tímaritum heimsins, oftast hefur frumkvæðið og hugmyndin komið frá henni sjálfri, og listinn


litmyndum — en þetta er ein af fáum greinum sem Mary Ellen hefur myndað í lit — kynnist áhorfandinn lífinu inni í húsunum, sér stúlurnar með viðskiptavinum og í sínu daglega lífi. Fyrir tíu árum eyddi Mary Ellen síðan drjúgum tíma með útigangsbörnum í Seattleborg, og gerði kunna bók um þau, kallaða Streetwise. Síðar gerði hún samnefnda heimildarkvikmynd um börnin ásamt eiginmanni sínum, kvikmyndaleikstjóranum Martin Bell, og var hún útnefnd til Óskarsverðlauna í flokki heimildarmynda. Þau hjón snéru aftur til Seattle fyrir tveimur árum síðan og gerðu þá leikna kvikmynd, byggða á ýmsu því sem þau kynntust við gerð Streetwise. Sú kvikmynd, kölluð American Heart og með leikaranum Jeff Bridges í aðalhlutverki, var frumsýnd fyrir viku í Bandaríkjunum við ákaflega góðar undirtektir. Þau hjón hafa unnið meira saman og þykir samstarfið gott. Þannig eyddi Mary Ellen fyrst sex mánuðum árið 1989 með sirkusunum á Indlandi, í fyrria snéru þau saman þangað og Martin gerði heimildarmynd um sirkusana fyrir National Geographic og nú er rithöfundurinn John Irving að leggja lokahönd á handrit að leikinni mynd sem þau hjón hyggjast gera á Indlandi með sirkuslífið í bakgrunni.

Á ferli sínum hefur Mary Ellen aftur sýnt fram á einstæðan hæfileika til að fá aðgang að stöðum sem aðrir ljósmyndarar kæmst aldrei inn á, og dytti varla í hug að reyna við; og þegar hún er komin þangað þá tekur hún áhrifamiklar og hrífandi ljósmyndir. Í bestu



Líðug stúlka með hvolpinn sinn, Great Raj Kamal sirkusinn, Indlandi, 1989.

Mary Ellen Mark/Library



Mary Ellen Mark/Library

Laurie í baðkarinu á Deild 81, Oregon Fylkissjúkrahúsinu, Salem, Oregon, 1976.

yfir kunn verkefni hennar er orðinn langur. Hún myndaði heróínsjúklinga í London; snemma á sjöunda áratugnum myndaði hún í sex vikur á öryggisdeild með kvensjúklingum á geðsjúkrahúsi í Bandaríkjunum og hún skrasetti líknarstarf Móður Theresu í Indlandi. Þá eyddi Mary Ellen nokkrum vikum í Falkland Road í Bombay, helstu vændisgötu borgarinnar. Þar komst hún í kynni við ungar vændiskonur og „madömmur“, og í raunsæislegum

myndum hennar finnur maður sterkt fyrir nánu sambandi ljósmyndarans og fyrirmyndarinnar, en hún gerir sér far um að setja sig eins vel inn í líf fólksins og hún mögulega getur. „Aðstæður fólks eru oft svo öfgafullar að maður getur ekki fengist við þær fyrir en maður hefur kynnst einstaklingunum og náð góðu sambandi við þá,“ segir Mary Ellen. „Þegar maður kemur dag eftir dag og sér hvað ástandið er alvarlegt, fátækt og



Mary Ellen Mark/Library

Fjölskyldan Damm í bílnum sínum, Los Angeles, Kalifornía, 1987.

## UM HELGINA

### MYNDLIST

#### Sýna í MÍR og Síberíu

Tvær listakonur af Íslandi, Kjuregev Argúnova og Katrín Þorvaldsdóttir, taka í sumar þátt í fjölþjóða sýningu myndlistarmanna frá norðlægum löndum í borginni Jakútsk í Austur-Síberíu. Myndir þeirra á sýningunni, sem nefnd er Arktika, verða áður til sýnis í MÍR-salnum, Vatnastíg 10, dagana 23. maí til 6. júní. Jakútsk er höfuðborg Sakha (Jakútiú), eins af lýðveldum rússneska sambandslýðveldisins. Sýningin er liður í listahátíð sem menningarmálaráðuneyti Sakha stendur að og býður listafólki frá svæðum eins og Alaska í Bandaríkjunum, Kanada, sama- og lappahér-

uðum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og af Íslandi. Kjuregev sýnir myndsaum og Katrín brúður í Jakútsk og MÍR-salnum. Báðar hafa þær verið virkar í listalífi hérlendis undanfarið ár. Kjuregev er fædd og uppalin í Sakha en hefur búið á Íslandi í nærri þrjú áratugi. Hún stundaði nám við listaháskólann í Moskvu, hefur starfað með fjölmörgum leikhópum hér og erlendis og haldið sýningar á myndverkum sínum. Katrín lærði tungumál, bókmenntir, leiklist og brúðgerð. Hún hefur starfað með leikhópum víða í Evrópu og sýndi brúður í Hafnarfirði fyrir í mánuðinum. Sýningin í MÍR-salnum verður opin 17–18.30 á virkum dögum og 14–18 um helgar.

#### Mary Ellen Mark

Í dag opnar á Kjarvalsstöðum sýning á myndum bandaríska ljós-

myndarans Mary Ellen Mark. Sýningin spannar fyrstu 25 árin af ferli hennar og hefur að geyma 125 myndir, allt frá blindum börnum í Úkraínu til fjölleikahúslíamanna á Indlandi. Mary Ellen Mark er nú einn þekktasti fréttaljósmyndari heims. Eftir nám í listasögu og listmálun útskrifaðist hún sem fréttaljósmyndari 1964 og fékk strax Fullbright styrk til að mynda í Tyrklandi. Eftir ársdvöl þar sneri hún aftur til Bandaríkjanna og hóf að skrasetja hvaðeina sem vakti áhuga hennar; mannlíf í Central Park, mótmælafundi, líkamsræktarmenn og kvennabaráttu. Fljótt hlaut hún alþjóðlega frægð fyrir ljósmyndir sínar og myndraðir. Nefna má til dæmis „Deild 81“, „Eiturlyfjaneytendur í London“, „Heimilislaus fjölskylda“, „Góðgerðarstofnanir Móður Theresu“ og „Indversk fjölleikahús“. Hún hefur alla tíð ein-

beitt sér að fólki og meðhöndlar viðfangsefni sín af samúð og virðingu. Sýningin er farandsýning, skipulögð af alþjóðlega ljósmyndaafninu við George Eastman House og styrkt af atvinnuljósmyndara-deild Eastman Kodak-samsteypunnar. Hún stendur til 11. júlí.

#### Listamenn í Laugardal

Samsýning þriggja listamanna opnar í Listhúsinu í Laugardal í dag. Þetta eru Inga Elín, Óli Már og Þóra Sigurjónsdóttir sem öll hafa vinnustofur á Álafossi í Mosfellsbæ. Þóra útskrifaðist úr keramikdeild MHÍ 1990, hún sýnir bæði stóra leirskúptúra og minni verk úr postulíni og steinleir. Óli lauk námi við MHÍ 1980, hann sýnir lítil og stór akrílverk á pappír og striga. Inga hóf listnám hérlendis og hélt síðan til Kaupmannahafnar þar sem hún lauk prófi úr

keramik- og glerdeild Listiðnaðarskóla borgarinnar. Hún sýnir verk úr gleri, járn og postulíni. Sýningin er opin kl. 10–18 alltaf nema á sunnudögum kl. 14–18. Henni lýkur 6. júní.

#### Tarnús í Portinu

Tarnús opnar í dag einkasýningu á málverkum og skúlpúrum í Portinu. Þetta er fjórtánda einkasýning hans en auk þess hefur hann tekið þátt í samsýningum. Verkin í Portinu eru flest unnin á síðustu tveimur árum. Kjörorð sýningarinnar, sem opin er daglega milli 14 og 18, verður „hver er bestur“.

#### Guðný í Slúnkarfki

Guðný Magnúsdóttir opnar sýningu á nýlegum verkum sínum í Slúnkarfki á Ísafirði í dag. Þetta er sjöunda einkasýning hennar en hún hefur tekið þátt í fjölda sam-